

Fundargerð

132. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 1. des. 2009 kl. 12⁰⁰–13⁵⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) (fjarverandi)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Endurskoðun rekstraráætlunar.
- (3) Flutningar
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (131. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

2. Endurskoðun rekstraráætlunar

Stefnumörkun stjórnar um jöfnunargreiðslur

„Á undanförunum árum hefur Úrvinnslusjóður tekið að sér undirbúning úrvinnslu vörflokka sem síðan hafa ekki verið felldir undir starfsemi sjóðsins. Má í þessu sambandi nefna flokka eins og veiðarfæri og rafeinda- og rafmagnstæki. Þessu hefur fylgt talsverður kostnaður. Jafnframt hafa tæknibreytingar og áherslur í umhverfismálum og mengunarvörnum valdið þáttaskilum í nokkrum vörflokkum þannig að umsvif vörflokka hafa minnkað og fara minnkandi. Það leiðir aftur til þess að erfitt getur orðið að ná jöfnuði á rekstarreikningi vörflokksins. Sem dæmi má nefna framköllunarefni, olúmálningu.

Athugun á þessum breyttu aðstæðum hefur leitt til þess að stjórn Úrvinnslusjóðs telur óhjákvæmilegt að stofna „jöfnunarreikning“ er mæti kostnaði sem leiðir af ofangreindum atriðum.

Færðar verða á Jöfnunarreikning hluti af vaxtatekjum Úrvinnslusjóðs. Vaxtareikningar gagnvart hinum ýmsu vörflokkum miðist við að verða aldrei lægri en sem nemur vöxtum á veltureikningum fyrirtækja hjá viðskiptabönkunum.

Stjórn Úrvinnslusjóðs skal hverju sinni ákveða hve miklu fé skal ráðstafað á jöfnunarreikning og hvernig skal deila því á viðkomandi vörflokka.

Fjárhæð jöfnunar hvers vörflokks skal sýna á yfirliti vörflokka með ársreikningi.“

Lögð var fram tillaga um að hluti af vaxtatekjum árána 2009-2010-2011 verði ráðstafað í samræmi við stefnumörkun og fjárhagsáætlun til þriggja ára.

Stefnumörkun um jöfnunargreiðslur samþykkt.

Samþykkt var tillaga að helmingur vaxtatekna, áætluð að upphæð 31 milljón, til jöfnunar árið 2009. Samþykkt var annars vegar að greiða áfallinn kostnað Úrvinnslusjóðs við athugun á álagningu úrvinnslugjalds á veiðarfæri og raftæki, og hins vegar að greiða hlutfallslega niður neikvætt eigið fé vörflokka er innhalda málningu og framköllunarefni..

Samþykkt að hækka úrvinnslugjald á eftirtalda vörflokka; málningu, leysiefni, ísósyánöt, halógeneruð efnasambönd, býsýrurafgeyma, pappa- og pappírsumbúðir og plastumbúðir.

Rekstraráætlun fyrir árin 2010-2013 samþykkt.

3. Flutningar

Rætt var um söfnun umbúðaúrgangs í flokkunartunnur í og við heimili. Lagt var fram minnisblað um greiðslutilhögun á flutningsjöfnun á úrgangnum til endurnýtingar/endurvinnslu.

Samþykkt að greiða flutningsjöfnun í samræmi við minnisblað.

4. Önnur mál

Sagt frá heimsókn starfsmanna Úrvinnslusjóðs til Ísafjarðar þann 16. nóvember 2009. Næsti fundur stjórnar var ákveðinn 22. desember 2009.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs